



Framúrskarandi stýring á heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismálum (HSE) skiptir sköpum fyrir árangur okkar til lengri tíma og er meginþekki á starfsemi Rio Tinto Alcan

## Heilbrigðis-, öryggis- og umhverfisstefna

Rio Tinto Alcan hefur einsett sér að vernda umhverfið, koma í veg fyrir mengun og standa vörð um heilsu, öryggi og velferð allra sem starfa á eða heimsækja vinnusvæði okkar – og gera það á þann hátt að samræmist lögum, hefðum og siðvenjum á hverjum stað.

Sýn okkar hvílir á grunnildum fyrirtækisins um réttssýni og heiðarleika, heilindi, virðingu, samvinnu, traust og gagnsæi, metnað til að skara fram úr og þrautseigju við að ná árangri. Velferð fólks og þess umhverfis sem við störfum í skiptir fyrirtækið miklu.

### Vegvísir í heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismálum

- Við vinnum saman að því að meta og eyða, eða stýra með öðrum hætti, þeirri HSE-áhættu sem búin er fólki, samfélagi og umhverfi
- Við styðjumst við áhættumatskerfi og stýritæki til að setja mælanleg HSE-markmið og vinna að þeim  
Við öxlum ábyrgð á HSE-málum og sjáum starfsfólki okkar fyrir búnaði og þjálfun til að koma í veg fyrir HSE-atvik, slys og atvinnutengd veikindi
- Við hvetjum starfsfólk okkar til að tileinka sér heilbriggt, öruggt og umhverfisvænt hátterni í starfi og leik
- Við eflum og styðjum framlag birgja okkar og viðskiptavina til sjálfbærrar þróunar með því að stuðla að ábyrgri notkun á vörum okkar og halda á lofti þeim margvíslega ávinningi sem henni fylgir
- Við leitumst stöðugt við að draga úr umhverfisáhrifum af starfsemi okkar með því að:
  - bæta orkunýtingu og nýtingu annarra náttúruauðlinda
  - draga úr notkun og auka endurvinnslu til að lágmarka úrgang og losun
  - leitast við að vernda og endurheimta líffræðilegan fjölbreytileika
  - þróa og taka þátt í verkefnum sem draga úr losun á gróðurhúsalofttegundum
- Við náum viðvarandi árangri í HSE-málum með því að rækta langtímasamband við samfélagið, stjórnvöld, viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila, sem báðir njóta góðs af

### Til að styðja við innleiðingu stefnunnar skuldbindur Rio Tinto Alcan sig til að:

Gera stjórnendur ábyrga fyrir að framkvæma HSE-umbætur og útvega þau aðföng sem til þarf

Fara fram á að starfsfólk fyrirtækisins þekki skyldur sínar og ábyrgð í HSE-málum og sýni í verki að það vinni að því að koma í veg fyrir öll HSE-atvik

Virða öll viðeigandi lög, HSE-kröfur Rio Tinto og aðrar kröfur sem við höfum ákveðið að uppfylla

- Þróa, innleiða og viðhalda viðurkenndum stjórnkerfum sem tryggja viðeigandi og samræmda innleiðingu HSE-stefnunnar á öllum starfsstöðvum
- Sannreyna skilvirkni HSE-stefnunnar og stjórnkerfa okkar með reglulegum úttektum og rýni á frammistöðu
- Efla virka þátttöku og vitund starfsfólks, verktaka og hagsmunaaðila á HSE-málum með þjálfun, samskiptum og reglubundinni opinberri upplýsingagjöf um frammistöðu okkar

Sem einstaklingar skuldbindum við okkur hvert og eitt til að freista þess daglega að bæta vinnulag okkar í samræmi við þessa stefnu

Jacynthe Côté, forstjóri, Rio Tinto Alcan